

Tilkynnið aðsetursskipti

Fólk, sem skiptir um húsnæði innanbæjar, eða flytur til bæjarins, þarf að tilkynna bæjarskrifstofunni aðsetursskipti sín á þar til gerðum eyðublöðum. Þeir, sem hafa vanrækt þessa tilkynningarskyldu, eru alvarlega áminntir um, að tilkynna aðsetur sitt nú þegar að viðlögðum sektarákvæðum, sbr. lög þar um, ef út af er brugðið. Húsráðendur eru sérstaklega minntir á, að þeir bera ábyrgð á, að hver sá, er flytur í þeirra húsnæði, tilkynni það innan 7 daga.

Siglufirði, 1. september 1956.

BÆJARSTJÓRI

TILKYNNING nr. 22/1956.

Innflutningsskrifstofan hefur ákveðið nýtt hámarksverð á smjörliki sem hér segir:

	Niðurgreitt:	Óniðurgreitt:
Heildsöluverð	kr. 5,50	kr. 10,33
Smásöluverð	— 6,30	— 11,30

Söluskattur og framleiðslusjóðsgjald er innifalið í verðinu.

Reykjavík, 30. okt. 1956.

VERÐGÆZLUSTJÓRINN

ALDARMINNING

Sigríðar Pálsdóttur

Um þessar mundir eru hundrað ár liðin frá fæðingu þessarar merku siglfirzku konu, og munu margir eldri Siglfirðingar minnst hennar með hlýjum hug á þessum tímamótum. Frú Sigríður Pálsdóttir var kona Hafliða Guðmundssonar hreppstjóra, og hún stjórnaði í áratugi hinu fjölmenna og gestkvæma heimili þeirra hjóna hér í bænum. Hús þeirra stendur enn hér við Norðurgötu 1, og þar býr nú sonardóttir hennar, Sigríður Guðmundsdóttir, ásamt manni sínum, Hirti Ármannssyni, lögregluþjóni.

Það orkar ekki tvímælis, að frú Sigríður Pálsdóttir var um langt árabíl einhver fremsta kona Siglufjarðar, enda var stjórnsemi, höfðingsskapur og gestrisni hennar rómuð, og vinsældir átti hún hjá alþýðu manna.

Vinur hennar, Guðmundur T. Hallgrímsson, héraðslæknir, ritar á þessa leið um hana í afmælisgrein í Morgunblaðinu þ. 5. nóv. 1931:

„Frú Sigríður er fædd í Holti við Reykjavík 5. nóv. 1856. Voru foreldrar hennar Páll Magnússon óðalsbóndi og útgerðarmaður, er þar bjó langa æfi og var kunnur maður meðal hinna eldri Reykvíkinga, og kona hans Guðný Lýðsdóttir. Sigríður ólst upp með foreldrum sínum þar í Reykjavík til tvítugsaldurs og mun hafa notið þar betri menntunar en al-

mennt gerðist á þeim árum, og kom hún henniað góðu haldi síðar í lífinu. Tvítug fluttist hún norður að Steinnesi í Húnavatnssýslu til Eiríks prófasts Briem og konu hans og dvaldist þar til haustsins 1879, að hún fluttist hingað til Siglufjarðar. Hér giftist hún 9. apríl 1880, Hafliða Guðmundssyni, síðar um langt skeið hreppstjóra hér.

Hefir frú Sigríður dvalið óslitið hér í Siglufirði æ síðan. Mann sinn missti hún 12. apríl 1917 og hefir hún síðan dvalizt hjá dóttur sinni, Ólöfu og manni hennar, Sophusi A. Blöndal, konsúl.

Þegar frú Sigríður fluttist hingað á blómaskeiði aldurs síns, var Siglufjörður aðeins, örlítið útkjálkakaupþún með einni verzlun, fáeinum hákarlaskútum og örfáum sálum, sem flestar bjuggu hér í lélegum torfkofum. Reykjavík mun þá að vísu ekki hafa verið búin að fá á sig neitt stórborgarsnið, en þó má óhætt fullyrða, að viðbrigðin hafa verið mikil fyrir hina ungu konu að koma þaðan og setjast að hér í hinni harðviðrasömu og einangruðu útkjálkavík sem Siglufjörður þá var, en frú Sigríður mun fljótt hafa sýnt það, að hún var þeim vanda vaxin að laga sig eftir ástæðunum, enda mun hún brátt og að verðleikum, hafa hlotið sess í fremstu kvenna röð hér, og þótt víðar væri leitað, og stuðlaði

Frá bæjarstjórn (Frh. af 4. síðu) Siglfirðinga. Nú mun núverandi ríkisstjórn beita sér fyrir kaupum á 15 togurum til landsins, sem ætlast er til að verði haldið út á þeim stöðum við sjávarsíðuna, sem tilfinnanlegur atvinnuskortur er. Að vísu segir eitt stjórnarblaðið, Timinn, að þó samþykkt séu kaup á þessum togurum, þá mun það eiga langt í land, að þeir verði keyptir, vegna þess, að fé til þess sé ekki fyrir hendi, og óvíst hvenær það fáiast.

Þarna virðist slá ónotalega í bakseglin, en vel má vera, að þetta sé rétt. Nú til dags virðist æði margt vera á hverfanda hveli og litlu eða engu treystandi.

Annað er og það, sem bendir til að bæjarstjórn hafi komið auga á viðkomandi framtíðarrekstir þessara atvinnutækja, en það er til laga nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem borin hefur verið fram á Alþingi um stofnun jafnvægisjóðs með 75 milljón kr. framlagi, sem greiðist á 5 árum, og auk þess árlegt framlag úr ríkissjóði 5 milljónir. Þessarar merku tillögu Sjálfstæðismanna er nánar getið á öðrum stað í blaðinu í dag.

Með þessari sjóðsstofnun virðvera stigið rétt og raunhæft spor í þá átt að tryggja framtíðarrekstur þessara atvinnutækja, með því að sjóðnum er ætlað að veita lán til atvinnulegrar uppbyggingar, þar sem þörf er og skapa þannig jafnvægi í byggðum landsins.

Vonandi verður þessi tillaga samþykkt á yfirstandandi Alþingi, og munum við Siglfirðingar ófað njóta góðs af, sem og aðrir staðir, sem búa við kröpp atvinnukjör.

„Dansað við jarðarför“

(Framhald af 1. síðu)

eðli og tilgang kommúnismans — og nauðsyn á samstarfi og vörnum vestrænna þjóða í þágu almennra lýðrættinda hvers manns — og frelsis hverrar þjóðar.

margt til þess: Hún var hin glæsilegasta kona í sjón, hög flestum konum fremur á hver verk, hin stjórnsamasta húsfreyja og bezt móðir börnum sínum og hin umhyggjusamasta og nákvæmasta húsmóðir við hvern gert sem að garði bar, hvort sem hann átti mikið eða lítið að sér. Margir munu þeir verða sem minnst hennar og öðlingsins, manns hennar, og hins gestrisna og glaðværa heimilis þeirra, „Hafliða-hússins“ í hugum sínum með hlýleik, virðingu og þökk.“

Fimm af börnum þeirra Sigríðar og Hafliða komust til fullorðinsára og voru þau öll kunnir borgarar og búsett hér í bænum, og að auki ólu þau upp fósturbörn. Sigríður lézt hér í Siglufirði árið 1932.

FERÐATÖSKUR INNKAUPATÖSKUR

Verzlun Halldórs Jónassonar

DÖMUR ATHUGIÐ :

Númer 7 úrvals snyrtivörur

Dagkrem
Næringarkrem
Vítamín krem
Make-up
Púður
Andlitsvatn
Handáburður
Væntanlegt:
Hreinsunarkrem

Verzlun Halldórs Jónassonar

NÝKOMIÐ :

DAMASK
RÜMTEPPI
HANDKLÆÐI
PERLONSOKKAR

Verzlun Halldórs Jónassonar

öfga- og ofbeldisstefnu, sem nokkru sinni hefir risið upp, frá því sögur hófust — með því að taka höndum saman við erindreka þessarar stefnu hér á landi; leiða þá til áhrifa og valda á hvaða sviði sem er, svo að þeir geti í næði undirbúið valdatöku kommúnismans á Íslandi í skjóli „vinstri stjórnarinnar“, sem kommúnistar hafa úrslitavöld í.

Gagnkvæmt slíku athæfi snúa allir þeir, sem eiga hið innra með sér snefil af frelsisást og réttlætistilfinningu, sér undan — með viðbjóði og fyrirlitningu. En núverandi ráðamenn Hreðslubandalagsflokka munu á sínum tíma uppskera svo sem þeir hafa sáð til.

Fyrir því, mun íslenska þjóðin, fólkið sjálft, sjá, — fólkið, sem hatar og fyrirlitir einræðis og kúgunaröflin og engu síður þá valdasjúku menn, sem gerast samherjar þessara afla, vegna valdanna.

GEORG ANDERSEN

vélsmiður á sjötugsafmæli þann 20. þ.m.

Þessa ágæta samborgara verður getið í afmælisgrein í næsta blaði.

VÍSISMENN!

Fundur í Tónlistarskólanum í kvöld kl. 8,30. Áriðandi að sem allra flestir mæti.

FYRIRSPURN

Það er enginn friður fyrir ýmis-konar spurningum viðvíkjandi kaupunum á Ásgeirsbragðum. Ein er þannig, sem beinist til bæjarstjóra:

Var Milly-skuldin dregin frá endanlegu kaupverði?

● Kaupendur Siglfirðings eru góðfúslega beðnir að greiða árgjaldið 1956.